

víkurflugvelli: „Gerð var líkamsleit á Jóhönnu Kristjánsdóttur flugfreyju, án úrskurðar, samkvæmt ákvörðun Þorgeirs Þorsteinssonar lögreglustjóra, með tilkvöddum vitnum. Leitin var framkvæmd í lokuðum klefa af Björgu Valtyisdóttur. Ekkert fannst“.

Ákvörðun varnaraðilja sú, sem um er deilt í máli þessu, var yfirvaldsákvörðun, er verður ekki borin undir Hæstarétt með kæru. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 28. febrúar 1975.

Nr. 178/1974. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Líkamsmeiðingar. Brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærða, sem ákæruskjal lýtur að, er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi beitt Arthúr Björgvin Bollason harðræðum framar því, er efni stóðu til, hinn 2. desember 1972, en afskipti ákærða af Arthúr Björgvin stóðu í tengslum við dyravörslu við veit-

ingahúsið að Lækjarteigi 2. Varðar háttsemi ákærða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi. Gögn máls benda til þess, að Arthúr Björgvin hafi verið aðgangsharður, er hann leitaði inngöngu í veitingahúsið síðla kvölds. Átti Arthúr Björgvin því nokkra sök á viðureign þeirra ákærða.

Enn fremur ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi gerst offari í dyravarðarstarfi sínu við sama veitingahús, er hann hafði afskipti af Tómasi Ísleifssyni hinn 4. febrúar 1973 inni í veitingahúsinu. Varðar þetta atferli við 217. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greint er í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta má ákvörðun héraðsdóms á fébótum til Arthúrs Björgvins. Ekki eru næg gögn komin fram fyrir því, að Tómas Ísleifsson hafi orðið fyrir þeirri töl í námi, sem hann heldur fram. Verða honum því eigi dæmdar fébætur samkvæmt 1. tölulið í kröfugerð hans, sem lýst er í héraðsdómi. Þykja bætur honum til handa í heild hæfilega ákveðnar kr. 75.000. Ber ákærða að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1973 til 16. maí s. á. og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 40.000.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Friðfinns Júlíusar Guðjónssonar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Arthúr Björgvin Bollasyni kr. 12.000. Þá greiði hann Tómasi Ísleifssyni kr. 75.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1973 til 16. maí s. á. og ásamt 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1974.

Ár 1974, mánudaginn 13. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakaðómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 225/1974: Ákæruvaldið gegn Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar saksóknari ríkisins með ákæru, dagsettri 6. apríl 1973, á hendur ákærða, Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni verkstjóra, Ljósheimum 8, Reykjavík, fæddum 7. maí 1929 að Búðum, Fáskrúðsfirði, „fyrir líkamsárásir á samkomugesti í veitingahúsinu Lækjarteigi 2, Reykjavík, þar sem ákærði gegnir dyravarðarstörfum í hjáverkum, með því að beita óhæfilegri og ónauðsynlegri líkamlegri hörku í meðferð á samkomugestum, sem ákærði hefur þurft að hafa afskipti af í starfi sínu, sem hér verður rakið:

1.

Laugardagsnóttina 2. desember 1972 tekið Arthúr Björgvin Bjarnason, Hrauntungu 7, Kópavogi, harkalegum tökum, eftir að Arthúr Björgvin hafði leitað ákaft inngöngu í veitingahúsið, m. a. með því að taka hann aftan frá hálstaki og hert svo að, að Arthúr Björgvin missti meðvitund um stund, lagt hann síðan á grúfu á gólfið í anddyrinu, jafnframt því sem ákærði sneri upp á báða handleggi hans og hélt þeim þannig um stund fyrir aftan bak á samkomugestinum, sem baðst ákaft vægðar. Nokkuð sá á Arthúr Björgvin eftir þessa meðferð, m. a. bólguproti í hálsvöðvum og mikil eymsli þar og óþægindi við allar hreyfingar á hálsi, mikil hreyfingareymsli í axlarliðum, einkum í hægri öxl, nokkur bólga á hægri úlnlið og hreyfingareymsli þar, auk verulegra marbletta á upphandlegg vinstra megin og fótlegg hægra megin.

2.

Laugardagskvöldið 3. febrúar 1973, laust eftir miðnætti, ráðist á Tómas Ísleifsson, Sólheimum, Mýrdal, í efri sal veitingahússins,

eftir að einn samkomugesta hafði tvívegis veist að Tómasi með hnefahöggum og þeir síðan tekist eitthvað á, og tekið Tómas háls-taki og hert mikið að, auk þess sem ákærði sneri upp á hálsbindi Tómasar og herti þannig einnig að hálsi hans, allt með þeim afleiðingum, að Tómas missti um stund meðvitund og kenndi mikill-ar köfnunartilfinningar, auk þess sneri svo ákærði mjög harkalega upp á vinstri handlegg Tómasar og lagði hann þannig niður á grúfu á bekk, þar sem ákærði hélt Tómasi nokkra stund, þar til aðrir dyraverðir komu á vettvang og aðstoðuðu ákærða við að komast Tómasi út úr húsinu um bakdyr. Á þeirri leið sætti Tómas nokkru harðræði af hálfu dyravarðanna, og hafði ákærði sig þar einkum í frammi. Af þessari meðferð sá verulega á Tómasi, einkum bar á miklum blæðingum í báðum augum og eymslum í háls-vöðvum, auk þess sem hann hefur síðan verið haldinn mikilli vanlíðan og kennt verks í höfði og augum.

Atferli ákærða, sem nú hefur verið rakið, telst varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

1.

Föstudaginn 1. desember 1972 var haldinn dansleikur á vegum stúdenta við Háskóla Íslands í veitingahúsinu að Lækjarteigi 2 hér í borg. Samkvæmt leyfi lögreglustjóraembættisins í Reykjavík var gestafjöldinn í veitingahúsinu takmarkaður við 813 manns. Um klukkan 2300 var húsinu lokað, og kom þá í ljós, að 910 aðgöngumiðar höfðu verið afhentir, og auk þess stóð fjöldi manns við inngöngudyr, er hafði aðgöngumiða. Viðurkenndu forráðamenn dansleiksins fyrir lögreglu, að þeir hefðu látið prenta fimmtánhundruð miða og selt þá fyrir kr. 300 stykkið.

Hinn 8. desember 1972 kom Arthúr Björgvin Bollason kennari, Hrauntungu 7, Kópavogi, fæddur 15. september 1950, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og kærði dyravörð í framangreindu veitingahúsi, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás á sig, þegar hann hefði ætlað að sækja umgetinn dansleik. Hafi hann ásamt kunningja sínum og eiginkonum þeirra komið fyrst að veitingahúsinu laust fyrir klukkan 2300, en þeir hafi haft aðgöngumiða. Dyr hafi verið lokaðar og mikill mannfjöldi fyrir utan og eftir að þau höfðu beðið þarna árangurslaust nokkuð

fram yfir klukkan 2330, hafi þau horfið frá, enda engum hleypt inn í húsið á þessu tímabili. Hafi þau síðan komið aftur að dyr- um hússins um klukkan 0100 og þá verið fámennnt fyrir utan og dyr hússins opnaðar öðru hverju til að hleypa út fólki og einnig hafi þau séð, að þremur stúlkum og einum karlmanni var hleypt inn. Hafi þeir félagar talað við dyraverðina, sýnt þeim aðgöngu- miða sína og beðið um inngöngu, en dyraverðirnir neitað án þess að vilja tilgreina ástæðu. Dyraverðirnir hafi opnað nokkrum sinn- um og þá hafi þeir félagar í hvert skipti átt tal við þá. Í eitt skipti, þegar þeir ætluðu að loka dyrunum, kvaðst vitnið hafa sett hönd- ina fyrir hurðina og einnig hafi félagi sinn tekið í hana að utan- verðu og þannig hafi þeir komið í veg fyrir, að hægt væri að loka. Þá hafi tveir dyraverðir gripið sig og kippt sér inn í húsið og haldið sér þar sinn hvorum megin, en þriðji dyravörðurinn farið út og stimpast við féлага sinn. Sá hafi svo komið inn aftur og farið að veita félögum sínum lið við að halda sér. Hafi einhver þeirra þriggja tekið sig hálstaki aftan frá, mjög fast, svo að það náði ekki andanum. Taldi vitnið, að sér hafi verið haldið þannig í um það bil tvær mínútur og þá hafi það misst meðvitund um stund, en þegar það hafi rankað við sér aftur, hafi það legið á grúfu á gólfinu og einn dyravarðanna verið ofan á því og haldið hægri handlegg sínum aftan við bak vitnisins og snúið upp á hann. Kvaðst vitnið hafa beðið manninn um leyfi til að setjast upp og bíða þannig eftir lögreglunni, sem búið hafi verið að kalla á stað- inn, en hann hafi neitað því. Komu síðan lögreglumenn á staðinn, og fór vitnið með þeim á lögreglustöðina. Síðar um nóttina kvaðst vitnið svo hafa farið að finna til vanlíðunar, aðallega í hægri öxl, úlnlið og í tungunni, sem það hefði bitið í, þegar það var tekið hálstaki. Hafi kunningjar sínir farið með sig á slysavarðstofuna, þar sem læknir hafi skoðað sig, og lagði vitnið fram vottorð frá læknum, Jóni R. Kristinssyni aðstoðarlækni. Segir þar m. a. svo:

„Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Það er dálítill vínlykt úr vitum Arthúrs, en hann kemur vel fyrir.
2. Það er 1/2 cm fleiður vinstra megin á tungu, grunnt, en dálítill roði og þroti er í kringum sárið.
3. Arthúr er aumur í hálsvöðvum, og hefur hann töluverð óþæg- indi í hálsi við allar hreyfingar í hálsinum. Aðeins vottar fyr- ir þrota vinstra megin í hálsi, og þreyfieymsli eru yfir háls- vöðvum, bæði vinstra og hægri megin.

4. Arthúr er aumur í báðum axlarliðum, sérstaklega er hann aumur í hægri axlarlið. Getur hann ekki hreyft eðlilega í hægri öxl vegna verkja framan og ofan til í axlarliðnum. Óveruleg eymsli eru framan til í vinstri axlarlið. Fær hann verk framan til í vinstri axlarlið við að færa vinstri handlim aftur fyrir bak. A. ö. l. er eðlileg hreyfing í vinstri axlarlið.
5. Aumur um hægri úlnlið, og er nokkur bólga dorsalt um hægri úlnlið, og allar hreyfingar í hægri úlnlið eru aumar.
6. Fjórir gómstórir marblettir eru innan á vinstri upphandlegg, rétt ofan við vinstri olnboga. Er Arthúr verulega aumur þar viðkomu, en eðlil. hreyfing er í vinstri olnboga.
7. Framan á miðjum hægri fótlegg er 3x2 cm mar, aumt viðkomu. Ekki aðra áverka að sjá.

Meðferð: Tekin er röntgenmynd af hægri axlarlið Arthúrs. Við þá myndatöku koma ekki fram nein áverkamerki í hægri axlarlið. Arthúr fær síðan fetil til þess að hvíla hægri handlim í. Honum er ráðlagt að hreyfa hægri axlarlið. Einnig er honum ráðlagt að koma á móttöku Slysadeildar aftur þann 6. 12. 1972 til frekara eftirlits á hægri öxl og eins til eftirlits á hægri úlnlið.“

Vitnið kvaðst síðar hafa frétt, að dyravörður sá, er tók það hálstaki og lá síðan ofan á því og sneri upp á handlegg þess, hafi verið ákærði í máli þessu. Krafðist það þess, að hann yrði dæmdur til refsingar, og áskildi það sér rétt til að koma síðar að bótakröfu.

Ákærði kom fyrir rannsóknarlögreglu vegna máls þessa hinn 15. desember 1972. Kvaðst hann minnst þess sérstaklega, að um klukkan 0100 umrædda nótt hafi tveir drukknir menn legið við dyr samkomuhússins, en hann var þar við dyrnar að gegna störfum sem dyravörður. Kvað hann þessa tvo menn hafa verið sérstaklega erfiða og freka í tilraunum sínum til að komast inn, en ekki hafi verið margt fólk við dyrnar, er þá bar að garði. Kvað hann mennina hafa verið með svívirðingar í garð þeirra dyravarðanna og margoft reynt að hindra þá í að loka dyrum samkomuhússins, er þeir þurftu að hleypa fólki út. Hafi nánast verið óvinnandi við þessar aðstæður, þar sem ógerningur hafi verið að ganga um dyr hússins fyrir ágangi mannanna, sem hafi reynt valdbeitingu við að komast inn fyrir. Hafi aðallega annar mannanna, ljóshærður, sem mun vera kærandi í málinu, haft sig í frammi, og að lokum kvaðst ákærði hafa neyðst til að kippa honum inn fyrir dyrnar til að koma vitinu fyrir hann, en þar hafi maðurinn sýnt hinn mesta mótþróa og hafi þeir þá lent í átökum. Kvaðst ákærði

hafa orðið að taka manninn hálstaki, enda hafi hann brotist mik-
ið um. Síðan hafi maðurinn verið lagður á gólfið á magann og
hafi Guðmundur Jónasson dyravörður aðstoðað sig eitthvað.
Kvaðst ákærði hafa haldið höndum mannsins fyrir aftan bak, en
ekkert snúið upp á þær, þannig að þvingun gæti orðið. Þá sagði
ákærði, að ekki kæmi til greina, að maðurinn hefði misst með-
vitund í þessum átökum, enda hafi hann, þ. e. ákærði, gætt þess,
að öndunin hindraðist ekki, er hann tók hálstakið. Hann kvað
manninn ekki hafa kvartað um nein meiðsli, er lögreglan kom á
vettvang.

Ákærði kvað dansstöðum lokað klukkan 2330 og því hafi ekki
komið til greina að hleypa þessum mönnum inn, enda þótt þeir
hefðu haft aðgöngumiða, sem hann kvaðst ekki hafa vitað um.
Hann minnst þess ekki, að neinu fólki hafi verið hleypt inn á
umræddu tímabili, en oft komi fyrir, að fólk þurfi að bregða sér
frá vegna persónulegra aðstæðna. Ákærði neitaði með öllu að
greiða kæranda bætur, þar eð hann gæti algerlega sjálfum sér um
kennt, hvernig fór, og neitaði hann jafnframt að vera valdur að
þeim meiðslum, sem kærandi kenndi sér.

Ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa hinn 24. október 1973,
og kvaðst hann þá ekki muna eftir atvikum og vísaði til framan-
greindrar skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu. Hann tók fram,
að hann hefði starfað við dyravörslu í umræddum veitingastað í 8
ár og á þeim tíma hafi hann aldrei slasað nokkurn mann við störf
sin.

Verður nú horfið að því að rekja framburði vitna fyrir dómi
og rannsóknarlögreglu varðandi mál þetta.

Vitnið Jónas Jón Hallsson lögreglumaður, Vesturbergi 28,
kvaðst hafa verið við miðavakt í veitingahúsinu umrætt kvöld.
Það hafi ekki verið statt við útidyrnar og því ekki sjálft haft af-
skipti af þeim, sem voru við þær. Það kvaðst hafa veitt athygli
tveim mönnum skömmu eftir miðnætti, sem vildu fá inngöngu í
húsið, en fengu ekki. Minnti vitnið, að þeir hefðu verið með að-
göngumiða. Taldi það þá ölvaða og hafi þeir haft í frammi dólgs-
hátt- og stóryrði við dyraverði og hafi dyraverðir átt í erfiðleik-
um með að hleypa gestum um dyrnar. Taldi vitnið, að piltarnir
hefðu verið æstir og gert tilraunir til að æsa upp fólk í kringum
sig, en ekki hafi verið margt fólk þarna við dyrnar. Virtist kær-
andi hafa sig meira í frammi, og sá vitnið, að tveir dyraverðir
kipptu honum inn fyrir dyrnar. Hafi hann sýnt hinn mesta mót-
þróa og verið lagður í gólfið og haldið þar niðri á grúfu og hönd-

um hans haldið fyrir aftan bak. Það kvaðst ekki hafa séð, að neitt óþarfa harðræði hafi verið haft í frammi af hálfu dyravarðarins, en það hafi ekki verið áhorfandi að því allan tímann, er dyravörðurinn hélt manninum niðri. Vitnið taldi manninn hafa róast, en ekki man það, hvort hann bað um að fá að sleppa. Vitnið kvaðst hafa verið búíð að fara fram á það við dyraverðina, að þeir hringdu á lögregluna til að fjarlægja pilta þessa, og hafi kæranda verið haldið niðri, uns lögreglan kom á vettvang. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað til þess, að öðru fólki hafi verið hleypt inn á þessu tímabili nema því, sem fékk að fara út til að geyma yfirhafnir í bifreiðum fyrir utan vegna þrengsla í fatageymslu.

Vitnið Guðmundur Þorvar Jónasson dyravörður, Ásbraut 17, Kópavogi, skýrði svo frá, að það hefði verið við dyravörslu með ákærða umrætt kvöld. Það kvaðst hafa veitt eftirtekt kæranda og félaga hans, sem því hafi ekki virst áberandi ölvaðir, en þeir hafi hins vegar látið mjög ófriðlega við dyrnar og hindrað þá dyra-verðina í starfi sínu. Hafi þeir ákaft leitað eftir innngöngu, en verið neitað og þá hafi þeir óskað skýringa á því. Þá hafi þeir reynt að halda útihurðinni opinni og einnig legið á henni, þegar opna átti. Hafi það orðið úrræði þeirra dyravarðanna að taka annan þeirra inn fyrir dyrnar og hafi þeir ákærðu kippt kæranda inn fyrir. Hafi hann brotist um á hæl og hnakka og veitt alla mótspyrnu, er hann gat, en ákærði hafi átt við hann, eftir að hann var kominn inn fyrir dyrnar, og kvaðst vitnið ekki hafa séð öll átök þeirra. Kvaðst það hafa séð ákærða leggja manninn á grúfu á teppalagt gólfið og síðan hafi hann haldið höndum hans fyrir aftan bak. Hafi maðurinn öskrað og æpt, eftir að búíð var að leggja hann á gólfið, en ekki mundi vitnið, hvort hann hefði beðið um, að sér yrði sleppt, en það hefði örugglega ekki verið gert, þótt hann hefði um það beðið. Það kvaðst aldrei hafa orðið þess vart, að kærandi missti meðvitund í þessum átökum.

Vitnið Hallur Páll Helgi Jónsson háskólanemi, Hrauntungu 7, Kópavogi, kvaðst hafa verið með kæranda umrætt sinn, og skýrði vitnið frá atvikum á svipaðan hátt og hann. Þegar þeir hafi komið að dyrunum í síðara skiptið, hafi verið þar um 10 manns. Hafi dyraverðirnir ekki viljað hleypa þeim inn, enda þótt öllum þeim, er voru við dyrnar fyrr um kvöldið, er þeir komu þarna, hefði síðar verið hleypt inn. Skömmu síðar hafi þeir séð, að tveimur stúlkum hafi verið hleypt inn, án þess að sjáanlegt væri, að þær hefðu aðgöngumiða. Er þeir hafi óskað skýringa á þessu, hafi þeim verið svarað því einu, að þeim kæmi það ekki við. Hafi þeir

orðið leiðir og þráir við þetta og haldið áfram að þrátta við dyra-verðina. Hafi komið fyrir, að þeir hafi haldið dyrunum, er þær voru opnaðar til að hleypa út fólki, og hafi tilgangurinn aðeins verið sá, að ræða málin við dyraverðina. Skyndilega hafi 3-4 dyra-verðir ruðst út um dyrnar og þrifið kæranda inn fyrir, en einn þeirra hafi ráðist að sér, án þess að þar yrði um mikil átök að ræða. Vitnið gat ekkert borið um átök kæranda og ákærða innan dyra. Það kvað þó kæranda hafa lítilla bragðað áfengi, en taldi, að hvorugur þeirra hefði fundið til áhrifa áfengis, eða a. m. k. mjög lítið.

Vitnið Magnús Sæmundsson myndlistakennari, Hrauntungu 73, Kópavogi, kvaðst hafa verið statt á umræddum stúdentadansleik. Um klukkan 0100 hafi það verið statt í anddyri hússins og þar séð dyravörð liggja ofan á ungum manni, þrýsti hann andlit hans niður í gólf, sveigði hendur hans á bak aftur og þjarmaði að honum. Fannst vitninu aðfarir dyravarðarins mjög harkalegar og alveg ónauðsynlegar, þar eð maðurinn hafi enga mótspyrnu veitt. Hins vegar hafi hann beðið dyravörðinn um að lina á tökunum, en vitnið kvað dyravörðinn ekki hafa sinnt því, enda hafi hann verið mjög æstur. Vitnið kvaðst hvorki hafa þekkt dyravörðinn né nefndan mann. Kvaðst vitnið aðeins hafa fylgst með atburði þessum stutta stund.

Vitnið Sigríður Þórarinsdóttir kennari, Eiðum, Suður-Múla-sýslu, kvaðst hafa verið statt umrætt sinn í anddyri veitinga-hússins ásamt Magnúsi Sæmundssyni. Hafi það séð dyravörð halda ungum pilti niðri í gólfinu, þannig að dyravörðurinn hafði annað hnéð á baki mannsins og spennti báðar hendur hans aftur fyrir bak og upp með höfðinu. Vitnið sagði, að maðurinn hefði beðið dyravörðinn um að lina á tökunum, en hann ekki orðið við því. Staðhæfði vitnið, að maðurinn hefði enga mótspyrnu veitt. Það kvaðst hvorki hafa þekkt manninn né dyravörðinn. Hafi því fundist aðfarir dyravarðarins harkalegar og ónauðsynlegar. Það hafi séð piltinn nokkru eftir átökin og hafi sér þá virst hann vera mjög illa útleikinn. Vitnið taldi, að þau Magnús hefðu fylgst með átökunum í fimm eða tíu mínútur.

Vitnið Jón Hermann Karlsson háskólanemi, Tunguvegi 50, skýrði svo frá, að það hefði verið statt fyrir utan veitingahúsið, þegar umræddur atburður átti sér stað. Vildi vitnið, eins og fleiri, freista þess að komast inn á dansleikinn, enda þótt það hefði ekki aðgöngumiða. Kvað vitnið nokkurn hóp fólks hafa verið þarna og fáeinum verið hleypt inn, enda þótt vitnið sæi ekki, að þeir

væru með aðgöngumiða. Taldi vitnið, að fólk þetta hefði komist inn fyrir kunningsskap við dyraverðina. Vitnið kvaðs, hafa séð þarna tvo pilta, og kannaðist það við annan þeirra án þess að vita nafn hans. Virtust þeir ekki undir áhrifum áfengis, a. m. k. ekki áberandi. Voru þeir hinir einu þarna, sem virtust hafa aðgöngumiða. Hafi þeir hampað miðum sínum og óskað inngöngu, en dyraverðirnir ekki viljað hleypa þeim inn. Hafi þá hafist orðahnippingar milli þeirra og dyravarðanna, án þess þó að til átaka kæmi. Hafi piltarnir viljað vita, hvers vegna þeir kæmust ekki inn, þótt þeir væru með aðgöngumiða. Þeir hafi lítil sem engin svör fengið við þessum spurningum og þeir hafi leitað frekar eftir svörum og héldu útihurð til að geta talað frekar við dyraverði. Skipti engum togum, að út ruddust nokkrir dyraverðir og veittust að mönnunum, sérstaklega öðrum, sem tekinn var hálstaki aftan frá og dreginn inn í húsið. Hafi hann reynt eitthvað að sprikla, en ekki sýnt aðra mótspyrnu. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt þá félaga vera með ljótt orðbragð við dyraverðina, heldur hafi þeir einungis verið að spyrja ákveðinna spurninga.

Vitnið Friðrik *Haukur* Hallsson háskólanemi, Ásabyggð 2, Akureyri, kvaðst hafa verið á oftnefndum dansleik og hafi það skömmu eftir miðnætti gengið fram í anddyri veitingahússins. Hafi það þá séð dyravörð þar með ljóshærðan mann í hálstaki og hafi annar dyravörður verið eitthvað að aðstoða við tókin á þeim ljóshærða. Hafi þeir keyrt ljóshærða manninn í gólfið og hafi hann legið þar á grúfu, en annar dyravarðanna hafi sett hnéð í bak hans og haldið í fyrstu annarri hendi mannsins fyrir aftan bak. Fannst vitninu dyravörðurinn halda manninum lengi í þessum heljartökum, og á tímabili hélt þessi sami dyravörður báðum höndum mannsins fyrir aftan bak, þannig að hann gat hvorki hreyft legg né lið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis og hvorki þekkt dyravörðinn né piltinn. Því fannst dyravörðurinn beita piltinn stórfelldu og alveg óþörfu harðræði, enda hafi hann engri mótspyrnu getað við komið. Kvaðst vitnið af þessu tilefni hafa spurt dyravörðinn að heiti, og minnti vitnið, að hann hefði sagst heita Friðfinnur.

Að lokum skal hér rakinn framburður kæranda, Arthúrs Björgvins Bollasonar, fyrir dómi. Vitnið ítrekaði fyrri framburð sinn um aðdraganda átakanna. Það sagði, að það hefði misst meðvitund smástund, þegar það var tekið hálstaki og hert að, en þegar það hafi rankað við sér aftur, hafi það legið á grúfu á gólfinu með andlitið niður í gólf, en dyravörðurinn hafi legið ofan á því með

hnéð eða hnén, með hendur þess fyrir aftan bak og hafi hann snúið upp á þær í hvert skipti, sem vitnið reyndi að snúa til höfðinu. Það kvaðst hafa beðið dyravörðinn að losa tökin og sagt, að það mundi bíða rólegt eftir lögreglu, en dyravörðurinn ekki orðið við þessu, heldur hert á takinu. Það kvaðst ekki hafa veitt honum neitt viðnám eða mótstöðu.

Vitnið kveðst hafa hlotið meiðsl þau, sem í læknisvottorði greinir, haft talsverðar þrautir og verið frá vinnu í vikutíma. Þessi meiðsl hafi það öll og aðeins fengið í viðureigninni við ákærða. Það kvaðst hafa náð sér að fullu eftir átök þessi.

Ljóst er af framansögðu, að ákærði hafði fulla ástæðu til afskipta af kæranda og félaga hans vegna framkomu þeirra við dyr veitingahússins greint sinn. Hins vegar verður að telja sannað með hliðsjón af framburðum vitna og læknisvottorði, að ákærði hafi gerst offari í meðferð sinni á kæranda og beitt hann óþarfa harðræði. Telst hann með því hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Hinn 5. febrúar 1973 kom í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík Tómas Ísleifsson, fæddur 7. mars 1948, til heimilis að Ytri-Sólheimum, Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, og kærði þar yfir líkamsárás, sem hann taldi sig hafa orðið fyrir af hálfu ákærða, er hann var gestur í veitingahúsinu við Lækjarteig hinn 3. febrúar 1973. Sagðist honum svo frá, að hann hefði komið í veitingahúsið um klukkan 2130 og hafi hann verið einn á ferð. Þarna á dansleiknum kvaðst hann hafa hitt stúlku, sem hann hafi ekki þekkt fyrir, að nafni Ólöf Kristjánsdóttir, en hún er systir manns, sem hann þekki. Hafi þau farið saman um húsið og setið saman við borð á efri sal um tíma. Undir lok dansleiksins, er þau hafi verið að dansa, hafi maður að nafni Ólafur Benediktsson ráðist að sér og slegið sig hægra megin á nefið og við það hafi hann fengið blóðnasir. Hafi þau þá hætt að dansa og gengið af dansgólfinu og hann hafi þurrkað blóðið af andliti sínu. Síðan hafi þau farið aftur að dansa eða gengið í átt að stigapallinum, en þá hafi fyrrgreindur Ólafur komið aftur og slegið sig enn á ný og hafi höggið lent vinstra megin á kinnbeinið, en ekki hafi hann fallið við höggið. Þegar hér var komið, hafi einhverjir gengið á milli þeirra Ólafs, en hinn síðarnefndi hafi þrifið stúlkuna með sér. Síðan kveðst hann hafa heyrt, að einhver kallaði á dyraverði og hafi þeir komið rétt á eftir, en þá hafi Ólöf og Ólafur verið við bar-

inn. Dyraverðirnir hafi ráðist beint á sig og tekið sig tökum og hafi annar þeirra, sá sem eldri var, gengið harðast fram í því. Sér hafi trúlega fundist þetta ósanngjarnt og líklega veitt einhverja mótspyrnu, þó svo að hann hafi ekki getað notað hendurnar, þar eð honum var haldið í tökum. Þá hafi það engum togum skipt, að fyrrgreindur dyravörður hafi snúið hálsbindi sínu við. Skömmu síðar kvaðst hann hafa misst meðvitund og þegar hann hafi rankað við sér, hafi hann legið ofan á stólum á grúfu og vinstri hönd sín hafi verið fyrir aftan bak og hné hafi verið spyrnt í bak sér. Hafi hann átt mjög erfitt með andardrátt og fundist, að hann væri að kafna, einnig haft miklar kvalir. Hann kveðst hafa heyrt, að einhverjir ræddu um það, að þeir ættu að sleppa sér, og einnig hafi hann heyrt, að Ólöf sagði, að hann væri saklaus. En þegar hér var komið, hafi dyraverðirnir tekið sig á milli sín og farið með sig í gegnum eldhúsið og þar niður stiga að útgangi, sem er á bakhlið hússins. Þegar niður að dyrunum hafi komið, hafi þeir spurt sig, hvort hann hefði ekki verið með frakka. Kvað hann svo vera, og játaði hann því aðspurður af þeim, að hann væri með númer. Hafi hann farið fram á það, að fá að ná í frakkann sjálfur, og jafnframt tjáð þeim, að hann kynni ekki við svona framkomu, því hann stæði ekki í neinum slagsmálum. Þeir hafi brugðist reiðir við þessu og tekið sig aftur tökum og einnig í hálsbindi sitt og hert að. Þá hafi hann orðið hræddur og beðið griða, en þeir hafi ekki sleppt sér strax, en síðan hafi þeir ýtt sér út og lokað hurðinni. Hann kvaðst hafa farið niður á lögreglustöð við Hverfisgötu og skýrt frá því, sem gerst hafði, og síðan farið heim. Um hádegi daginn eftir hafi hann svo farið á slysavarðstofuna, þar sem hann var skoðaður, en honum hafi verið vísað til augnlæknis. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, hvort þeir áverkar, sem á sér væru, en bæði augu voru mjög blóðhlaupin og þrútin, væru eftir högg Ólafs eða eftir átökin við dyraverðina. Áskildi hann sér rétt til að gera bótakröfu á hendur dyravörðunum, en gerði hins vegar enga kröfu á hendur Ólafi. Hann kvaðst ekki hafa verið ölvaður, en lítillaga undir áhrifum áfengis, þegar þetta gerðist.

Fyrir dómi hinn 3. september 1973 staðfesti kærandi þessa skýrslu sína. Hann sagði þá, að hvorugt högg Ólafs hefði komið á augu hans og engin frekari átök orðið með þeim, svo sem Ólafur hefði tekið hann hálstaki. Staðhæfði hann, að ákærði hefði tvívegis tekið á hálsbindi hans og hert að, fyrst uppi í salnum og síðan niðri við bakdyr. Taldi hann, að þeir hefðu þarna niðri lok-

að hurð, sem lá fram í húsið, til að vitni yrðu ekki að atburðinum. Hann kvaðst enn ekki búinn að ná sér eftir atburð þennan, hvorki andlega né líkamlega.

Kærandi hefur lagt fram 4 læknisvottorð um áverka, er hann hlaut greint sinn. Í áverkavottorði slysadeildar Borgarspítalans, dags. 5. febrúar 1973, undirrituðu af Sigurði Kr. Péturssyni aðstoðarlækni, segir m. a.:

„Skoðun:

1. Sj. er aumur hægra megin á nefi og er lítilsháttar bólga þar. Það er blóð í nösum.
2. Bólgin og aumur á vinstra gagnauga.
3. Það eru blæðingar undir húð á efri augnlokum, á báðum augum, frá innri augnkrókum og út undir miðju.
4. Það eru mjög miklar blæðingar undir tárahimnu á augnlokum og augum, báðum megin, svo augnhvíta er rauð-blá að sjá á stórum svæðum.
5. Punktblæðingar á hálsi vinstra megin við barkakýli, á svæði, sem er 10x10 cm að stærð. Sj. er aumur viðkomu yfir hálsvöðvum að framan.

Meðferð:

Ekki þótti ástæða til sérstakrar meðferðar, en sj. var sendur til augnlæknis.“

Hörður Þorleifsson augnlæknir gaf út vottorð hinn 5. febrúar 1973, þar sem segir m. a.:

„Á augum voru miklar blæðingar í og undir slímhúð, á hægra auga utan og neðan við glæru og á vinstra auga innan og neðan við glæru. Engir áverkar voru innan í augum, og sjón var eðlileg með viðeigandi gleraugum. Ekkert mar var á augnumgerð eins og sést við hnefahögg á auga. Blóðleifar í nösum. Áverkinn er einkennandi fyrir skyndilegan þrýstingsauka í bláæðakerfi höfuðsins eins og sést við kirkingu eða herðingu að hálsæðum.“

Sverrir Bergmann, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, segir m. a. um áverkana og afleiðingar þeirra í vottorði, dags. 18. febrúar 1973:

„Frá því atvik þetta gerðist, hefur Tómas þjáðst af almennri vanlíðan og haft verk í höfði og augum. Einkenni þessi hafa þó farið minnkandi. Hann tók strax eftir miklum blæðingum í augum og kringum þau, en úr þessu hefur þó heldur dregið.

Við skoðun hjá undirrituðum er Tómas slappur og skjálfandi og með miklar blæðingar í augum (subconjunctival), aumur yfir

hálsvöðvum, en hins vegar skýr og vefræn neurologísk skoðun er eðlileg. Heilalínurit var tekið, og reyndist það vera eðlilegt.

Miðað við þær alvarlegu afleiðingar, er hlotist geta af áverkum eins og Tómas varð fyrir, verður að telja, að hann hafi sloppið vel. Áverki af þessu tagi hindrar eðlilegt frárennsli blóðs frá höfði og heila og eykur því þrýsting blóðs þar með þeim afleiðingum, að æðar bresta. Hin augljósu merki um þetta hafði Tómas í augum, eins og lýst er. Hins vegar hefðu æðar getað brostið á stöðum í höfði og heila, er skilið hefðu eftir einkenni allmiklu alvarlegri en þau, sem raun virðist á, sem betur fer. Það verður að segjast, að enda þótt vefræn neurologísk skoðun sé eðlileg, er ekki hægt að fyrirtaka möguleika á blæðingum annars staðar en sást, og ekki verður með vissu sagt um, hvort skemmd hafi orðið á æðaveggjum hálsæða. Afleiðingar af þessu hvoru tveggja myndu koma í ljós síðar.“

Vigfús Magnússon læknir hefur einnig gefið út vottorð, dags. 6. mars 1973, um áverka kæranda, þar sem segir m. a.:

„Tómas hlaut allmikla subconjunctival blæðingu á bæði augu, einkum þó hægri.

Í dag sést hálfmáanalaga blæðing til h. á hæ. auga og bæði augu með gulgrænni slikju. Ekki er á þessu stigi málsins unnt að segja með vissu, hvenær hann verður jafngóður.“

Lagðar hafa verið fram í málinu ljósmyndir af kæranda, teknar 13. febrúar 1973, og sýna þær, að augu hans hafa verið mjög blóðhlaupin.

Ákærði kom fyrir rannsóknarlögreglu vegna máls þessa hinn 12. febrúar 1973. Hann kvaðst hafa verið að fara upp á efstu hæð veitingahússins í öðrum erindagerðum, en þegar þangað kom, hafi hann séð, að tveir menn hafi verið að togast á um kvenmann, og hafi hann beðið þá að hætta þessu, þar eð þetta væri ekki rétti staðurinn til að útkljá þessi mál. Hættu þeir þessu þá og hafi hann snúið sér frá, en þá hafi hann veitt því athygli, að þeir voru aftur farnir að slást, og hafi hann séð, að annar þeirra, sem hann taldi vera æstari, var blóðugur í framan. Þar sem hann hafi verið þarna einn dyravarða, hafi hann tekið þann, er hann taldi æstari, og tekið hann hálstaki, en hann hafi veitt mótþróa eftir mætti og reynt að losna. Hafi hann þá hert að hálstakinu og farið með hann að bekk, sem þarna var, og lagt hann þar á grúfu og sett hendur hans fyrir aftan bak. Einnig hafi hann sett hægra hné í bakið á honum, en hann taldi, að hann hefði ekki meitt hann með þessu. Skömmu síðar hafi hinn dyravörðurinn komið sér til að-

stoðar og þeir hafi reist manninn upp og farið með hann á milli sín fram í eldhús og þar niður að bakdyrum. Þar hafi mannum verið boðið að ná í frakka sinn, en hann hafi sjálfur viljað ná í hann, en þar sem hann hafi verið mjög æstur, töldu þeir það óráðlegt og vísuðu honum út. Hann hafi brugðist reiður við því og ekki viljað fara og þeir þá tekið hann tökum með því að taka í hendurnar á honum og hafi þeir þannig ýtt honum út. Hann kvað það alger ósannindi, að hann hafi tekið í hálsbindi hans og hert að. Hann hafi tekið hann hálstaki og hert þannig að. Hann áleit, að maðurinn hefði verið talsvert ölvaður. Taldi hann, að hann hefði ekki orðið fyrir neinum verulegum meiðslum af sínum völdum.

Þeir ákærði og kærandi voru samprófaðir hjá rannsóknarlögreglunni, og náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra. Ákærði taldi, að kærandi hefði ekki misst meðvitund í átökum þeirra.

Fyrir dómi hinn 24. október sl. vísaði ákærði til framangreindrar skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu og ítrekaði framburð sinn þar. Tók hann fram, að meiðsl kæranda, væru þau nokkur, séu algerlega hans sök vegna framferðis hans greint sinn.

Verður nú skýrt frá framburði vitna um atburði þessa.

Vitnið Ólöf Kristjánsdóttir nemandi, Eikjuvogi 4, 22ja ára að aldri, skýrði frá því, að það hefði verið á umræddum veitingastað þetta kvöld og hitt þar kæranda. Hafi þau dansað saman, en þá hafi Ólafur Benediktsson, sem vitnið þekkti, ráðist að kæranda og slegið hann, en vitnið sá ekki, hvar höggið lenti. Hafi þau Tómas þá hætt að dansa og gengið í átt að hljómsveitinni og síðan á barinn, sem er við stigaganginn. Skömmu síðar kom Ólafur þar að, þar sem þau Tómas töluðu saman, og réðst á ný á Tómas, og urðu einhver handalögmál í framhaldi af því, en ekki vissi vitnið, hvort Ólafur sló Tómas, en vitnið segir, að sér hafi verið kastað svo frá, að það féll við. Einhverjir hafi nú gengið milli þeirra og kallað hafi verið á dyraverði. Er vitnið stóð upp, sá það, að dyraverðirnir voru komnir með Tómas á milli sín, en það sá ekki upphaf átakanna milli þeirra, en þegar vitnið sá til, lá hann á grúfu á bekk, sem þarna var. Voru báðar hendur hans fyrir aftan bak og höfuð hans keyrt niður í bekkinn og einnig hafi blóð vætlað úr nefinu. Augun hafi verið útistandandi og blóðhlaupin og hafi hann átt mjög erfitt með að tala. Vitnið kvaðst hafa orðið reitt vegna þessa og sagt dyravörðunum, að hann væri saklaus, en þeir hafi ekki sinnt því. Skömmu síðar hafi það séð, að dyraverðirnir fóru með Tómas á milli sín í áttina að eldhúsinu. Vitnið kvaðst

ekki hafa séð, að Tómas hafi hlotið neina áverka eftir átökin við Ólaf, en kvað það þó geta verið. Það kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, en gat ekki borið um, hvort Tómas var undir áhrifum.

Vitnið Ólafur Benediktsson skýrsluvélanemi, Langagerði 114, 21 árs að aldri, kvaðst hafa verið þarna í veitingahúsinu umrætt kvöld og hafi hann hitt þar Ólöfu Kristjánsdóttur, en þau hafi verið kunningjar í þrjú ár. Hann hafi svo síðar um kvöldið séð hana vera að dansa við mann og þá hafi hann orðið afbrýðisamur og slegið manninn, en ekki mundi hann, hvar höggið lenti. Hafi þá ekki orðið frekari átök milli þeirra. Skömmu síðar hafi vitnið svo komið fram á barinn og þá séð Ólöfu vera að tala við þennan mann, og mundi vitnið ekki, hvort einhver orðaskipti urðu þarna milli þeirra. Síðan hafi það skeð, að þeir lentu í einhverjum handalögmálum, sem vitnið taldi víst, að það hefði átt upptök að. Ekki mundi það, hvort það sló manninn þarna við barinn, en félagar sínir hafi fljótlega skilið þá. Kvaðst það síðan hafa farið niður á næstu hæð með félögum sínum og ekki vitað, hvað gerðist uppi, en það hafi heyrt það hjá einhverjum, að dyraverðirnir hefðu farið illa með manninn. Vitnið kvað átök þeirra hafa verið mjög óveruleg og útilokað, að maðurinn hefði hlotið nokkur meiðsl af þeim, enda þeir fljótt skildir að, en þó megi vera, að maðurinn hafi fengið sprungu á vör af höggi vitnisins. Það sagði, að í hvorugt skiptið hafi til þess komið, að þeir hefðu tekist á hálstaki. Aðeins hafi verið um það að ræða, að það hafi slegið og reynt að slá til mannsins.

Vitnið Guðbjörg Ragna Ragnarsdóttir nemandi, Sólheimum 25, 22ja ára að aldri, kvaðst hafa verið þarna á veitingastaðnum með vinkonu sinni Ólöfu Kristjánsdóttur. Þegar vitnið hafi verið að dansa við Ólaf Benediktsson og Ólöf við Tómas, hafi Ólafur skyndilega ráðist að Tómasi og slegið til hans. Átök þeirra á milli hafi ekki verið mikil og hvorugur hafi tekið hinn kverkataki. Vitnið gat ekki borið neitt um upphaf átaka Tómasar og dyra- varða, en segir, að honum hafi verið haldið niðri á grúfu á legu- bekk, er það sá fyrst til. Hafi þá dyravörður setið ofan á honum og þrýst honum niður í bekkinn. Fannst vitninu farið mjög illa með manninn, og kvaðst það ekki hafa getað orða bundist og spurt, hvort drepa ætti manninn. Það sá síðan, að farið var með manninn, en sá ekki frekar til átaka.

Vitnið Daníel Guðjón Óskarsson bifreiðarstjóri, Gautlandi 9, 25 ára að aldri, kvaðst hafa verið að störfum sem dyravörður

nefnt kvöld á veitingastað þessum. Það gat ekki skýrt neitt frá aðdraganda umræddra átaka, en kvaðst hafa verið beðið að koma upp á efstu hæð. Er þangað kom, hélt ákærði Tómasi niðri á bekk og hafi þeir ákærði síðan farið með hann átakalaust að bakdyrum hússins. Er vitnið kom að þeim, sagði það, að ákærði hefði haldið annarri hendi mannsins fyrir aftan bak og hafi sér virst hann halda honum frekar létt. Það sá, að blæddi úr nefi mannsins, og kvað það hann þá ekki hafa sýnt neinn mótþróa. Hann hafi gengið með þeim niður átaka- og orðalaust, og þegar niður kom að bakdyrunum hafi þeir spurt hann, hvort hann væri með frakka, og kvað hann svo vera. Það vitnið hann að láta sig hafa númer sitt, þar sem það ætlaði að sækja frakkann, en hann vildi það ekki og vildi sjálfur sækja hann. Hafi þeir þá spurt, hvort hann vildi vera rólegur í salnum, ef þeir hleyptu honum aftur inn, en þar eð hann hafi ekki svarað því, hafi þeir vísað honum á dyr. Um leið og þeir hafi opnað dyrnar, hafi hann farið að sýna mótþróa og þá hafi þeir snúið upp á hendur hans og ýtt honum út fyrir og lokað hurðinni. Það minnst þess ekki, að þeir hafi tekið hann hálstaki í þessum átökum.

Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, er það kom fyrst að þeim ákærða og Tómasi, að bindi hins síðarnefnda var fráflakandi og skyrtan óhneppt í hálsmálið. Það mótmælti því, að þeir hefðu tekið í bindið, er þeir settu hann út. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maðurinn hefði verið meðvitundarlaus, þegar það kom að þeim ákærða. Taldi vitnið, að maðurinn hefði ekki hlotið neina illa meðferð hjá þeim dyravörðunum umfram það, sem gerist við menn, sem veita mótþróa.

Við samprófun vitnisins og kæranda náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra.

Vitnið Helgi Ingvarsson verslunarstjóri, Vonarlandi við Soga-veg, 24 ára að aldri, kvaðst hafa verið staddur á barnum á efstu hæð veitingahússins, þegar umræddur atburður átti sér þar stað. Sá það tvo menn eitthvað vera að kíta, án þess þó að slást. Dyravörður hafi komið þar að og tekið annan manninn hálstaki og skellt honum í sófa og sest ofan á hann. Ekki varð vitnið vart við, að dyravörðurinn tæki í hálsbindi mannsins. Hafi það tekið sérstaklega eftir því, þar eð það hafi sjálft staðið í svona, vegna þess að það starfi stundum sem dyravörður í öðru húsi. Taldi það dyravörðinn ekki hafa beitt manninn neinu harðræði umfram það, sem efni stóðu til. Vitnið kvaðst hafa verið talsvert mikið undir áfengisáhrifum greint sinn.

Vitnið Brynja Guðmundsdóttir þjónn, Rauðalæk 23, 36 ára að aldri, var umrætt sinn við afgreiðslu á umræddum bar á efstu hæð. Kvaðst það hafa orðið vart við átök tveggja manna og þegar það hafi séð, að úr þeim ætluðu að verða slagsmál, hafi það látið kalla á dyraverði og hafi ákærði komið þar að skömmu síðar. Hafi hann reynt að ganga á milli þeirra og róa þá, og virtist það fyrst takast, en síðan hafi þeir skyndilega farið aftur saman og þá hafi ákærði tekið annan manninn, en vitnið sá ekki, hvort hann tók hann hálstaki, en það sá hann leggja hann á bekk og halda honum þar niðri. Það varð ekki vart við, að ákærði tæki í hálsbindi mannsins, en það telur, að maðurinn hafi verið mjög æstur og veitt mótspyrnu eftir mætti. Vitnið veitti því athygli, að maðurinn var blóðugur í andliti, og taldi sig hafa séð það, áður en ákærði kom á vettvang. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að maðurinn missti meðvitund í átökunum.

Vitnið Svanhildur Kjartansdóttir húsmóðir, Yrsufelli 2, 39 ára að aldri, var einnig við störf umrætt kvöld á oftnefndum bar. Það kvaðst hafa veitt athygli tveimur mönnum, sem voru í átökum fyrir framan barinn, og af því tilefni hafi verið kallað í dyraverði. Ákærði hafi þá verið að koma þangað upp í öðrum erindagerðum og hafi hann farið í það að reyna að skilja mennina. Það hafi ekki tekist og hafi ákærði orðið að taka annan manninn. Vitnið sá ekki, er ákærði tók manninn, en sá, þegar hann lagði hann á bekk, og þá kveðst það hafa veitt því athygli, að maðurinn var blóðugur í andliti, og kvaðst það hafa farið til að þurrka blóðið framan úr honum. Ekki kvaðst það hafa séð, að ákærði héldi í hálsbindi mannsins, og það sá ekki betur en hann væri með fulla meðvitund. Skömmu síðar leiddu dyraverðirnir manninn á brott gegnum eldhúsið, og sá vitnið ekki frekar til átaka þeirra.

Áverkar þeir, sem kærandi bar á augum eftir átök þau, er hann lenti í, eru samkvæmt vottorði Harðar Þorleifssonar augnlæknis „einkennandi fyrir skyndilegan þrýstingsauka í bláæðakerfi höfuðsins eins og sést við kyrkingu eða herðingu að hálsæðum.“

Fyrir liggur, að kærandi hafði, áður en ákærði hóf afskipti af honum, lent í átökum við annan mann. Fullvíst verður að telja eftir framburðum þeirra beggja svo og vitna, að maður þessi hafi ekki tekið kæranda neinu hálstaki. Hins vegar liggur fyrir framburður ákærða sjálfs og vitna um, að hann hafi tekið kæranda hálstaki. Telja verður því fram komna fulla sönnun fyrir því, að kærandi hafi hlotið umrædda áverka í þeim átökum, er hann lenti í við ákærða. Enda þótt ákærði hafi haft ástæðu til afskipta

af kæranda, verður ekki séð, að honum hafi verið gefið tilefni að beita hann því harðræði, sem telja verður sannað af eigin framburði hans, framburði vitna og læknisvottorðum, að hann hafi beitt. Verður því að virða honum áverka kæranda til sakar, og þykir hann með þessu atferli hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða fyrir atferli það, sem lýst hefur verið hér að framan undir 1 og 2, þykir hæfilega ákveðin varðhald 45 daga. Rétt þykir þó eftir atvikum að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 verður haldið.

Kærendur hafa lagt fram bótakröfur í málinu, og verður þeim nú lýst og afstaða tekin til þeirra.

Arthúr Björgvin Bollason hefur gert kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 22.000 í skaðabætur. Sundurliðar hann kröfu sína þannig.

Kr.	2.000	útlagður kostnaður
—	20.000	miskabætur

Samtals kr. 22.000

Lagður hefur verið fram reikningur að fjárhæð kr. 800 vegna læknisvottorðs, en aðrir reikningar hafa ekki verið lagðir fram. Rétt þykir að ákveða kæranda Arthúr Björgvin bætur í einu lagi, og þykja þær hæfilega metnar kr. 12.000.

Tómas Ísleifsson hefur gert kröfu um skaðabætur sem hér segir:

1.	Bætur fyrir tekjutap	kr. 317.856
2.	Bætur fyrir eyðilögð gleraugu	— 4.870
3.	Bætur fyrir annan útlagðan kostnað	— 3.155
4.	Miskabætur	— 150.000

Samtals kr. 475.881

Um 1. Kærandi kveðst hafa stundað nám í líffræði við Háskóla Íslands síðan haustið 1970. Taldi hann sig hafa tafist frá námi í 6 mánuði vegna atburðar þessa, þar eð hann missti af hálfs mánaðar námskeiði í tölfraði og því hafi hann eigi getað tekið próf um vorið. Samkvæmt vottorði frá líffræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar hóf hann þar nám í upphafi haustmisseris 1970, en

útskrifaðist hinn 23. febrúar 1974. Stundaði hann því námið í samtals 7 misseri, en samkvæmt kennsluskrá verkfræði- og raunvísindadeildar er gert ráð fyrir 6 misserum til náms í líffræði. Af framangreindu vottorði líffræðiskorar kemur hins vegar fram, að enda þótt Tómas lyki ekki prófi að loknu vormisseri í júní 1973, hefði hann getað lokið því í ágúst 1973. Kröfufjárhæð samkvæmt þessum lið er miðuð við laun menntaskólakennara, en kærandi segir, að menn með slíka menntun starfi helst sem slíkir. Eru það laun samkvæmt 21. launaflokki opinberra starfsmanna, og eru þau reiknuð kr. 52.975 á mánuði, þegar krafan er sett fram 31. ágúst 1973, og miðast krafan við 6 mánuði.

Enda þótt telja megí líklegt, að framangreind meiðsli hafi valdið kæranda talsverðri röskun, verður að álíta, að krafa samkvæmt þessum lið sé ekki studd nægilegum rökum, til að unnt sé að taka hana til greina og verði að sýkna ákærða af henni. Hins vegar sé eðlilegt að taka tillit til þessa við ákvörðun bóta samkvæmt 4. lið.

Um 2. Ekki þykir hafa komið fram sönnun fyrir því í málinu, að ákærði eigi sök á því, að gleraugu kæranda eyðilögðust, og verður hann því sýknaður af kröfu samkvæmt þessum lið.

Um 3. Lagðir hafa verið fram reikningar hér að lútandi, og þykir eðlilegt og rétt að taka þennan lið kröfunnar til greina að öllu leyti.

Um 4. Kærandi heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir mjög áberandi og óþægilegum meiðslum, enda þótt svo vel virðist hafa farið, að þau yrðu ekki varanleg. Verður að telja þetta sennilegt. Svo sem að var vikið hér að framan, má og telja mjög líklegt, að ofangreindir áverkar hafi valdið kæranda talsverðri röskun, og við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir mega hafa hliðsjón af því, að ekki var tekin til greina krafa samkvæmt 1. lið. Þegar allt þetta er virt, þykja bætur til handa kæranda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 125.000.

Samkvæmt ofanrituðu verður ákærði því dæmdur til að greiða kæranda Tómasi Ísleifssyni kr. 128.155 með 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1973 til 1. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Ekki verður tekin til greina krafa kæranda um innheimtulaun samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Að lokum verður ákærði dæmdur til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Friðfinnur Júlíus Guðjónsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Arthúr Björgvin Bollasyni kr. 12.000 í bæt-ur.

Ákærði greiði Tómasi Ísleifssyni kr. 128.155 í bætur auk 7% ársvaxta frá 3. febrúar 1973 til 1. maí s. á., en 9% árs-
vaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin máls-
varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. mars 1975.

Nr. 113/1973. **Helgi Helgason**

(Haukur Jónsson hrl.)

gegn

Ásu Björnsson og gagnsök

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr og Einar Arnalds.**

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 26. júlí 1973, birtri 20. september s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmd til að greiða sér kr. 25.925 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 15. september 1969 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.